

Listaháskóli Íslands

Fræði og framkvæmd

B.A ritgerð

Leiðbeinandi: Guðrún Vilmundardóttir

## **Raunveruleg tilvist hins miðjaða**

### **Um baráttu stofnunar og uppbrots út frá samfélagsástandi**

Karl Ágúst Þorbergsson

Febrúar 2008

## **Efnisyfirlit**

Inngangur	3
Stofnun og uppbrot	7
Raunveruleiki og blekking	9
Samsömun við veruleika	13
Barátta fyrir tilvist	21
Lokaorð	23
Heimildaskrá	28

## Inngangur

Einn vinsælasti sjónvarpsþáttur á Íslandi, og víðar, undanfarin ár er þátturinn Leiðarljós, eða Guiding Light. Þátturinn, sem nú er nær aldargamall, er sápuópera og fjallar um hversdaglegt amstur einstaklinga í millistórri borg í Bandaríkjunum, Springfield, sem virðist vera samnefnari yfir allar borgir og um leið enga; staðleysa sem byggir á og vísar í okkar hversdagslega raunveruleika með öllu tilheyrandi.<sup>1</sup> Þó svo að ímynd þess lífs sem persónur þáttarins lifa virðist hversdagleg verður manni fljótt ljóst að þessi hversdagslegu huggulegheit eru töluvert flóknari og dramatískari en hinn raunverulegi hversdagur. Hér er á ferð melódrama þar sem fólk viðrar illkvittnar spekúlasjónir út í hjómið í leikmynd sem augljóslega er smíðuð inn í upptökuver og er langt frá því að vera raunveruleg. Fólk hverfur á dramatískan og mystíkan hátt en birtist svo nokkurm árum síðar, jafnvel sem klón. Við látum það hins vegar ekki trufla okkur í því að trúa því sem á sér stað innan Springfield, í það minnsta samþykkið við það sem einhvers konar raunsæja ímynd eða endurspeglun samfélags okkar. Ástæðan er tiltölulega einföld; Springfield miðlar ekki framandi menningu eða siðferðislegum gildum heldur er líkt eftir okkar hversdagsleika. En þá hlýtur að vakna upp spurning um áhrif og uppruna þessara gilda; hvor komu á undan og hver er að apa eftir hverjum? Getur það verið möguleiki að hið hversdagslega líf Springfieldbúa sé einhvers konar mótandi afl í siðferðislegri samfélagsmótun okkar? Að glæfralegir viðskiptatilburðir Spaulding fjölskyldunnar séu fyrirmynd raunverulegra viðskiptavelda?

Lítum á annað dæmi. Í smábænum Celebration býr tiltölulega venjulegt fólk sem lifir tiltölulega venjulegu lífi. Umhverfi bæjarins er fallett, bæjarstaðið gott og deiliskipulag staðarins eins og best verður á kosið; fallett Main Street liggur í gegnum bæinn og við enda hennar er torg með litlum verslunarkjarna, kaffihúsum og uppákomum um helgar. Ekki er mikið um háhýsi, vöruskemmur eða aðra fyrirferðarmiklar byggingar heldur er kappkostað við að halda uppi rólegri, þægilegri og venjulegri ímynd bæjarins. Samsvörun við gervi Springfield kemur hins vegar í ljós þegar skoðað er m.a. sögulegt samhengi staðarins og byggingafræðilegar hugmyndir. Bærinn var byggður í einum rykk af viðskipta – og teiknimyndasamteypunni Disney og

---

<sup>1</sup> Þátturinn fagnaði 70 ára afmæli sínu í janúar 2007. Sjá betur <http://www.cbs.com/daytime/gl/about/showinfo/>

er Disneyworld steinsnar frá bænum.<sup>2</sup> Í skipulagningu var fullkomnun og útópía teiknimyndanna höfð til hliðsjónar; hægt er t.d. að velja ákveðnar staðlaðar gerðir húsa, mismunandi í stærð og lögun, sem allar minna glettilega mikið á fornfræga bandaríska byggingarstíla en eru um leið stílfærðar ímyndir þeirra og vísa þá í raun ekki á neitt nema sjálfa sig. Ennfremur er reynt að skapa útópíuna með því að framleiða snjó á jólunum. Þess ber að geta að Celebration er í Flórída þar sem hiti fer sjaldan fyrir neðan 15 gráðurnar og sem gerir það að lítið er um snjókomu. Samt sem áður býr venjulegt fólk í bænum og lifir venjulegu lífi í samræmi við venjulegar hefðir og dyggðir samfélagsins. En þá hýtur maður aftur að velta því fyrir sér hvort ímyndaheimur bæjarins sjálfs, og þar með þau gildi sem Disney lagði upp með að endurspegla og miðla, hafi einhver mótandi áhrif á íbúana og líf þeirra.

Þessi dæmi gefa engan veginn heildræna sýn á upplifun okkar á veruleikanum og hvernig eða hvort hann stjórnast fullkomlega af miðlun ímynda. Þó er hægt að finna í þeim hugmyndir um ákveðinn blekkingarheim ímyndanna og hvernig hægt er að snúa þeim upp á hinn raunverulega heim okkar samfélags. Til grundavallar okkar samfélagi eru ákveðin gildi sem í raun byggja aðeins á samkomulagi okkar um markmið og tilgang. Sem dæmi má nefna tungumálið sem hægt er að líta á sem sáttmála sem gerir okkur kleift að skilja hvort annað. Tungumálið felur í sjálfu sér enga merkingu í sér heldur er það aðeins net tákna sem vísa endalaust fram og til baka á hvort annað án nokkurrar eiginlegrar niðurstöðu.<sup>3</sup> Merking og staða hugtaka er á stanslausri ferð innan tungumálsins og breytist með tíma og notkun og eru hugtökin þannig háð breytingum og færslu á menningu okkar á hverjum tíma. Notkun og merking hlýtur því að ráðast af menningarlegu samhengi, þ.e. hvaða hugmyndir eru ráðandi hverju sinni í menningunni. Miðja menningarinnar felur því í sér ákveðna merkingarstjórnun sem teygir sig inn í hinar ýmsu afurðir menningarinnar sem hafa síðan áhrif á hvor aðra, sbr. Springfield og Celebration<sup>4</sup>. Lög segja til að mynda til um hvaða hegðun sé æskileg og hver ekki hverju sinni, allt frá morðum til meiðyrða. Þau virka sem eins konar leiðarvísir að borgaralegri hegðun.

Leiklist er ekki undanskilin þessarar merkingarsköpun. Ef lítið er t.d. á gagnrýni, skóla, stefnu og verkefnaval leikhúsa og vinsældir sýninga er hægt að greina, eða skoða

---

<sup>2</sup> Sjá t.d. <http://www.celebration.fl.us/> og <http://funandsun.com/1toct/disney/celebration.html>

<sup>3</sup> Roland Barthes kemur inn á þessa merkingarsköpun sem myndast við notkun tungumálsins í tengslum við upplifun og sköpun viðtakanda/lesanda í greininni „Dauði höfundarins“. Sjá betur neðar.

<sup>4</sup> Ljóst er að við lifum ekki 100% eftir miðluðum veruleika íbúa Springfield þá en þrátt fyrir það er ekki hægt að útiloka að hann hafi einhver áhrif á skynjun okkar á samfélaginu. Eins er þannig möguleiki á því að ímyndir sem felast í skipulagi Celebration hafa mikil áhrif á lífsmunstur íbúa bæjarins.

öllu heldur, hvaða áherslur eru ráðandi hverju sinni, þ.e. hvaða hugmyndir um leiklist eru miðjaðar<sup>5</sup> í samfélaginu. Þessar hugmyndir eru reyndar alltaf á töluverðu reiki því að þær byggja oftar en ekki á hugtökum sem erfitt er að henda reiður á í einni svipan. Góð raddbeiting er til að mynda háð skilningi menningarinnar, miðjunnar, á því hvað telst gott og vont í samhengi við beitingu raddar og miðlun og merkingu texta, leikverka eða leikrits. Miðja leiklistar, eða annarra listforma, verður oftar en ekki ljós þegar ákveðið uppbrot á sér stað, eða þegar ákveðin hreyfing verður innan mengis menningarinnar. Þá skilgreina menn leiklist út frá miðjuðum hugmyndum og vísa þar með, meðvitað og ómeðvitað, í hugtök sem eru aðeins skilin út frá ráðandi miðju:

„Það er ekki algeng sjón að sjá karlmenn pissa á leiksviði. Og ekki minnst ég að hafa séð konu kasta af sér vatni í nafni leiklistar. Hitt er ógleymanlegt þegar Bessi Bjarnason tjáði umkomuleysi mannsins sem hann var að leika í einu af þeim sænsku samfélagsverkum sem rötuðu upp á íslensk leiksvið á áttunda áratug síðustu aldar með því að sýna áhorfendum Þjóðleikhússins hvernig hann reyndi að pissa nafnið sitt í snjóinn en bunan nægði ekki nema í fáeina fyrstu stafina. Við þennan gjörning sneri Bessi baki í áhorfendur og ótrúlegt að athöfnin hafi haft áhrif á þvagblöðru hans. En list leikarans, Bessa Bjarnasonar, var svo faguð að engum duldist hvað hann var að tjá og margir urðu snortnir.“<sup>6</sup>

Hér styðst Trausti Ólafsson, kennari og leiklistarfræðingur, við slíka hugtakanotkun; hann lýsir ákveðinni aðferð við að tjá umkomuleysi á sviði og notar gildishlaðin orð eins og „ógleymanlegt“ og „fágun“ í samhengi við aristótélíska<sup>7</sup> upplifun áhorfenda. Orðin ritar hann í greininni „Að pissa (á aðra) með listrænum hætti: Eða – hvernig bætum við íslenska leiklistarumræðu?“ sem birtist í Lesbók Morgunblaðsins í kjölfar gjörnings leiklistarnema við Listaháskóla Íslands þar sem m.a. einn nemandinn pissaði á fætur annars.<sup>8</sup> Í greininni hafnar Trausti gjörningnum sem

---

<sup>5</sup> Miðjað er skilið hér sem hugmynd eða fyrirbæri sem er ráðandi í orðræðu og merkingarmyndun orðræðunnar. Sömuleiðis er jaðrað það sem er á jaðri orðræðunnar, fyrir utan miðju.

<sup>6</sup> Trausti Ólafsson, „Að pissa (á aðra) með listrænum hætti: Eða – hvernig bætum við íslenska leiklistarumræðu?“ í Lesbók Morgunblaðsins, ritsj. Þróstur Helgason, 13. janúar 2007.

<sup>7</sup> Sbr. samsömun. Sjá betur neðar.

<sup>8</sup> Gjörningurinn var framinn á haustönn 2006 og birtust fréttir um hann m.a. í Fréttablaðinu þann 1. nóv og á vef Ríkisútvarpsins 30. okt. Einnig var fjallað um hann í Kastljósi og öðrum miðlum. Grein Trausta var svar við grein Magnúsar Þórs Þorbergssonar, „Er breiðnefurinn spendýr?“ sem birtist í Lesbók Morgunblaðsins 16. des 2006. Í henni fjallaði Magnús um leiklistarformið og möguleika á skilningi á formgerðar þess, m.a. út frá gjörningi leiklistarnemanna.

leiklist og afgreiðir hann sem barnskap og lágkúru.<sup>9</sup> Fleiri tjáðu sig um gjörninginn, m.a. formaður Félags íslenskra leikara, Randver Þorláksson, sem hélt því fram opinberlega að athöfnin ætti ekkert skylt við leiklist og athæfið væri tilgangslaust.<sup>10</sup> Þó svo að hvorki Trausti né Randver séu opinberir talsmenn hinnar sameinuðu menningarmiðjustofnunar, sem að sjálfsögðu er ekki til, þá mætti skoða viðbrögð þeirra við þessum gjörningi í samband við einhvers konar miðju, eða stofnun, þar sem þeir hafna báðir athöfninni og ýta henni út á jaðar.

Ef við tengjum þær hugmyndir sem hér hefur lauslega verið velt upp, þ.e. samband raunveruleika og blekkingu ímynda og tákna og þann merkingarheim sem skapast með notkun þeirra, opnast fyrir athyglisverðri túlkun á samfélagsástandi. Má segja að það byggist á ákveðnu rofi í sambandi mannsins og þess táknkerfis sem hann byggir tilveru sína á. Þetta leiðir að mínu mati til mögulegrar tilvistarkreppu miðjunnar, og þannig þeirra einstaklinga sem tiheyra henni, sem birtist einna helst í menningarlegu uppbroti, þ.e. þegar ýtt er við römmum, reglum og gildum miðjaðrar tilveru hennar. Leiklist er tilvalinn rannsóknargrundvöllur fyrir menningarlega skoðun að þessu tagi þar sem hægt er að líta svo á að hún miðli útópískri mynd samfélagsins og um leið á hún sér stað á mótum raunveruleika og blekkingar.

Til grundvallar þessari kenningu liggja ákveðnar hugmyndir sem þarfnast nánari útlistunar. Í fyrsta lagi er það hugmynd um miðju menningar sem stofnun og þá valdabaráttu sem á sér stað milli stofnunnar og uppbrots. Í öðru lagi er það skilgreining á þeim veruleika sem við lifum við út frá hugmyndum um raunveruleika, miðlun og upplifun. Miðað verður út frá áður nefndum gjörning sem á sér stað innan ákveðins menningarástands og er því mikilvægt að skilgreina það, eða skoða, og máta aðrar hugmyndir við það. Í þriðja lagi er það hugmynd um samsvörun leikhúsáhorfenda við miðlaða veruleika sviðsins og hvernig leiklistin leitast þannig við að miðla „æskilegri“ samfélagsímynd og um leið útópískri. Hér verður því rýnt í ákveðið menningar og samfélagsástand og athugað hvernig uppbrot í formi pissgjörnings ýtir við römmun hins miðjaða í leiklist og þar af leiðandi hvaða áhrif það hefur á stöðu hins miðjaða í samfélaginu.

---

<sup>9</sup> Trausti Ólafsson, „Að pissa...“

<sup>10</sup> Randver Þorláksson í Fréttablaðinu 1. nóvember 2006.

## Stofnun og uppbrot

Hér verður ekki lagt í það að skilgreina út í hörgul hugtökin menning, stofnun og uppbrot. Gengið verður út frá ákveðnum skilningi á hugtökunum sem lúta einkum og sér í lagi að því hvernig þau virka sem kerfi með endanlega stærð.

Bókmenntafræðingurinn Stephen Greenblatt hefur fjallað um hugtökin á þessa vegu og telur hann meðal annars að til þess að hægt sé að nota hugtök eins og menningu sem gagnlegt tæki í umræðu ætti maður ekki að reymast við að skilgreina hvað þau þýða heldur hvernig þau virka. Í þessu samhengi talar hann um *hömlur* og *hreyfanleika* þar sem menningin, og menningarkimar, er byggð upp á ákveðnum hömlum sem ramma inn þær hugmyndir sem rúmast innan hennar og að sömuleiðis séu þessar hugmyndir á stanslausri hreyfingu.<sup>11</sup> Mengi menningar er því ákveðin stærð, ekki endalaus, þó svo að kerfið sem slíkt geti verið mjög opið. Hreyfanleikinn gerir það að verkum að ákveðin barátta á sér stað innan mengisins; spuni, tilraunir og skipti innan mengis verða til þess að skapa reglur menningarinnar hverju sinni.<sup>12</sup> Innan leiklistar ættu því að rúmast allar þær hugmyndir, eða möguleikar, sem segja til um hvað sé list og hvað ekki, og innan mengisins ríkir stanslaus barátta um hvaða hugmyndir eru ráðandi hverju sinni. Í Róm til forna mátti drepa í nafni sjónarspilsins og listar en í dag má það ekki o.s.frv.

Myndlíking úr líffræði virkar vel til að útskýra virkni menningarmengja. Amöbur eru mjög einfaldar í gerð og lögun; þær eru einfrumungar með kjarna, umfrymi og safabólur og eru háðar vatni eða raka. Amaban ferðast með því að skjóta út skinfót sem umfrymið flæðir út í og hreyfir fruman sig með því að fylgja skinfótinum eftir. Kjarnin er á sífellndri ferð um umfrymið og myndar amaban því ágæta samsvörun við menningarlegt mengi þar sem kjarninn, eða miðjan, er á sífellndri ferð um mengið, frá jaðri til jaðars.<sup>13</sup> Kjarninn er þar af leiðandi ekki alltaf í miðju sjálfrar frumunnar þó að kalla mætti hann miðju hennar þar sem hann er hin eiginlega stjórnstöð frumunnar. Miðja menningar getur þannig verið við jaðar hennar, eða miðjað hugmyndir hans.

Barátta ríkir innan hvers mengis, barátta sem gengur út á að skilgreina hvað sé „æskilegt“ eða „eðlilegt“ í samhengi við þær hugmyndir sem rúmast innan amöbunnar.

---

<sup>11</sup> Stephen Greenblatt, „Culture“, *Critical Terms for Literary Study*, ritsj. Frank Lentricchia og Thomas McLaughlin (University of Chicago Press: Chicago og London, 1995), bls. 225.

<sup>12</sup> Sama, bls 228.

<sup>13</sup> Upplýsingar af vísindavef Háskóla Íslands, vísindavefurinn.is; <http://www.vísindavefur.hi.is/svar.php?id=4593>.

Því er hægt að líta á ríkjandi hugmyndir sem stofnunina, eða kjarna amöbunnar og hreyfingu sem eins konar tilraun til uppbrots á henni eða í það minnsta endurspelgar hreyfingin tillögur til breytinga.<sup>14</sup> Það sem skilgreinir stofnunina er einmitt þessi barátta og vísun í uppbrotið; þetta (stofnun) er eðlilegt út af því að þetta (uppbot) er óeðlilegt. Núna er kjarni amöbunnar hér af því að hann er ekki þarna grundvallar í raun valdabaráttuna. Þau hugtök sem notuð eru (eðlilegt, æskilegt, gott, vont) eru í sjálfu sér merkingarlaus nema þegar þau eru notuð í samhengi við ríkjandi hugmyndir til að festa sig í sessi og útiloka uppbrotið. En hreyfingin veldur því að stofnunin og uppbrotið eiga í samningaviðræðum um þessi hugtök; uppbrotið virkar því sem skinfótur sem reynir að toga kjarnann að jaðrinum og þannig, með tíð og tíma, hreyfa við og breyta þeim hugmyndum sem eru ráðandi innan stofnunarinnar.<sup>15</sup> Þessar hömlur og hreyfingar valda því að stofnunin og uppbrotið eru aldrei fastar stærðir heldur jaðrar stofnunin ákveðnar hugmyndir, sem voru jafnvel ríkjandi innan hennar áður, með því að aðlaga áherslur sem uppbrotið hefur komið áleiðis gegnum t.d. áðurnefnd skipti og spuna.

Franski félagsfræðingurinn Pierre Bourdieu fjallar á svipuðum nótum um baráttu ríkjandi hugmynda og uppbrots innan menningarinnar, og þá sérstaklega út frá listheiminum, í bókinni *Reglur listarinnar* (1992). Barátta stofnunarinnar og uppbrotsins, sem hann kallar nýliða, er eins og barátta um stöðu á leikvelli; á vellið gilda ákveðnar reglur sem nýliðarnir verða að beygja sig undir til þess að hægt verði að taka mark á þeim og sömuleiðis verður stofnunin að taka afstöðu til uppbrotsins.<sup>16</sup> Nýliðarnir setja fram ákveðna kröfu um endurskoðun á því hvernig hlutir, listaverk, eru metnir.<sup>17</sup> Því er um að ræða eins konar endurskoðun á stöðlun stofnunarinnar sem hún verður að taka afstöðu til. Þegar stofnunin tekur afstöðu gerir hún um leið ráð fyrir nýliðunum innan mengisins og tekur því þar af leiðandi sjálf þátt í að hreyfa kjarnann. Uppbrotið getur þannig haft áhrif á reglur leikvallarins, mengisins, þar sem að stofnunin er í raun þvinguð til að taka afstöðu.

---

<sup>14</sup> Það er vert að taka fram að að ekki er átt við stofnun sem veraldlegt fyrirbæri, sbr. Þjóðleikhúsið eða Listaháskólann, heldur er hugtakið notað hugmyndafræðilega, sem ráðandi og leiðandi afl í orðræðu (institution eða canon á ensku). Veraldlega stofnanir geta hins vegar vel endurspelgað hina hugmyndafræðilega stofnun og hlutverk hennar. Sömuleiðis geta verið stofnanir innan stofnana. T.d. eru á jaðrinum ákveðnar stofnannir sem virka á sama hátt og þær sem eru miðjaðar þó að þær hafi ekki eins mikil áhrif á ráðandi hugmyndir, eða stjórn þeim ekki eins mikið.

<sup>15</sup> Hipparnir þóttu til að mynda koma fram með nýjar hugmyndir um lifnaðarhætti. Núna eru hipparnir í ráðandi stöðu innan samfélagsins og lifnaðarhættir þeirra því miðjaðir á ákveðinn máta. Eins má nefna pönk í þessu samhengi.

<sup>16</sup> Pierre Bourdieu, „Sjónarhóll höfundarins; Nokkir almennir eiginleikar á sviðum menningarlegra framleiðslu“, *Reglur listarinnar* (Polity Press: Cambridge, Malden, 2005) bls. 225-6. Sjá einnig aðeins í Magnús Þór Þorbergsson, „Er breiðnefurinn spendýr?“.

<sup>17</sup> Sama, bls. 225.



Bourdieu er því á mjög svipaðri bylgjulengd og Greenblatt þar sem að þeir leggja báðir áherslu á einhvers konar valdabaráttu innan ákveðins mengis. Hömlur Greenblatts geta vel átt við relgur leikvallarins sem stofnunin heldur að einhverju leyti til haga eða metur að minnsta kosti við hvað skal miða til skilnings á þeim. Eins veldur hreyfanleikinn því að stofnunin verður að taka afstöðu til nýliðanna. Með því að skrif um gjörninginn veldur Trausti því að gjörningurinn fái að vera með í leiknum, að gert sé ráð fyrir honum inn á vellinum þrátt fyrir vilja Trausta til að útiloka hann, sbr. vilja hans til að hann falli í gleyskunnar dá. Trausti er þannig þvingaður til að taka afstöðu og í þessari þvingun felst ákveðið samþykki.

Menningin virkar því sem ákveðið endanlegt kerfi þar sem samband hamla og hreyfanleika veldur því að hinar ráðandi hugmyndir, stofnunin, og uppbrotið, nýliðarnir, eiga í stöðugum samningaviðræðum um merkingu og vægi þeirra hugtaka sem kerfið byggir á. Hugtökin í sjálfu sér eru þannig merkingarlaus nema að þau séu skilgreind út frá þessari miðju. Fróðlegt er að skoða hvernig þessi hugtakanotun virkar í hinum hversdaglega raunveruleika okkar og hvernig hún einkennir ríkjandi samfélagsástand.

## **Raunveruleiki og blekking**

Menningarrýnirinn og fjölmiðlafræðingurinn Marshall McLuhan hefur haldið því fram að miðillinn feli í sér merkingu en ekki það sem miðlað er.<sup>18</sup> Í þessu felst til dæmis að eiginleikar sjónvarpsmiðilsins búi yfir merkingu hans en ekki sjónvarpsefnið í sjálfu sér. Fréttir hafa til að mynda verið sagðar svo árum skiptir, fyrir daga sjónvarpsins í gegnum útvarp og enn fyrir í formi dagblaða. Sjónvarpsfréttir miðla því í raun ekkert öðruvísu fréttum en aðrir miðlar fyrir utan þá staðreynd að þeim er miðlað í gegnum sjónvarp; um er að ræða lifandi myndir af vettvangi fréttarinnar sem miðlað er beint til okkar inn í stofu. Miðillinn felur þannig í sér merkinguna.

Hversdagurinn er yfirfullur af miðlun upplýsinga og óhætt er að fullyrða að hraði og upplýsingaflæði í alls kyns myndum sé eitt helsta einkenni okkar tíma. Síðasta öld var öld miðlanna og smátt og smátt gerðu þeir okkur kleift að ná utan um heiminn, skilja umfang hans og stærð; miðlarnir hafa fært okkur nær hvort öðru með því að birta

---

<sup>18</sup> Marshall McLuhan, „The Medium is the Message“, í *Media and Cultural Studies; Keywords*, ritsj. Durham and Kellner (Blackwell Publishing: Malden, Oxford, Carlton, 2006), bls. 108.

okkur ímyndir ólíkra heimshorna og kynnt fyrir okkur ólíka menningu heimsbyggðarinnar. Í einu ferðalaga sinna um frumskóga Víetnam rakst móðir mín á aldraða konu í bambuskofa mitt í skóginum að horfa á Manchester United á móti Liverpool. Hægt er að ferðast um allan heiminn án þess að hreyfa sig úr stað með því að fara á Google Earth. Við búum í hinu hnattræna þorpi, tengd í gegnum snúrur og víra og rafbylgjur.

En í öllu þessu upplýsingaflæði og hinum, að því er virðist, endalausum möguleikum felst sú þversagnakennda staðreynd að heimurinn hefur stækkað. Einföld samfélagsgerð fyrri tíma, þar sem samskipti og samgöngur voru takmarkaðri en nú, hefur stækkað og inniheldur fleiri möguleika, fleiri einstaklinga, fleiri skoðanir og fleiri sannleika. Og við bregðumst við með því að vilja ná yfir alla möguleika mengisins, skilja heildina. Miðlarnir bregðast einnig við og ýta undir þessa þróun. Fréttafólk reynir að miðla fréttunum á þeirri mínútu sem þær gerast og sjónvarpsfréttafólk gengur skrefinu lengra og flytur fréttir beint frá vettvangi jafnvel allan sólarhringinn.

Í þessari þróun felast tvær hugmyndir; í fyrsta lagi er um að ræða hugmynd um miðlun raunveruleika og í öðru lagi hugmynd um dauða hins stóra sannleiks, þ.e. veröld fulla af litlum sannleikum. Eitt af markmiðum þessa upplýsingaflæðis er að sýna heiminn eins og hann er; segja hlutlaust frá öllu heila klabbinu svo að einstaklingurinn heima í stofu, fyrir framan sjónvarp, tölvu, blað, útlarp, síma, geti áttað sig á raunveruleika heimsins. Svona er hversdagur fólks á Egilsstöðum! Svona springa sprengjur á húsum í Írak! Það er fáni undir Norðurskautinu og svona lítur hann út!

Líta má á að þessi þróun á miðlun raunveruleikans hafi gert það að verkum að raunveruleikinn sé orðinn of raunverulegur; að skilningsþörfin hafi gert það að verkum að miðlun sé farin að snúast um framleiðslu á raunveruleika. Heimspekingurinn Jean Baudrillard telur einmitt að raunveruleikinn hafi farið fram úr sjálfum sér og sé orðinn ofurverulegur.<sup>19</sup> Baudrillard segir til að mynda að samband hugtaks og veruleika sé búið að ganga af sjálfu sér dauðu:

„Þetta samband hefur flosnað upp vegna þrýstings frá magnaðri eftirlíkingu, af tæknilegum og ímynduðum toga, sem gefur hinu sýndarverulega lausan tauminn og frelsar það undan raunverunni um alla framtíð. En raunveruleikinn naut þess sama og gengur nú eigin erinda á braut óendanleikans og vísar í sjálfan sig út í

---

<sup>19</sup> Geir Svansson, í Jean Baudrillard, „Inngangur“, *Atvik 3: Frá eftirlíkingu til eyðimerkur*, ritstj. Geir Svansson (Reykjavíkúakademían: Reykjavík, 2000), bls. 7.

eitt, um alla eilífð. Raunveruleikinn hefur í vissum skilningu verið gerður útlægur, firrtur, út sínu eigin lögmáli og er fyrir bragðið orðin að ýktu og öfgakenndu fyrirbæri. Það er því ekki lengur hægt að hugsa sér raunveruleikann raunverulegan heldur væri nær að líta á hann sem gengdarlausann, kominn út af sporbaug, eins og séðan frá öðrum heimi – sem tálmynd.“<sup>20</sup>

Sem dæmi um þennan gegndarlausu veruleika má nefna sjónvarpsfréttir frá Persaflóastríðinu þar sem að sýndar voru myndir úr myndavélum sem festar voru framan á sprengjur sem varpað var á skotmörk. Þannig var fylgt eftir raunveruleika sprengjunnar út í hið ítrasta og árásinni líktist helst tölvuleik, þar sem að myndir var sett upp í þeim anda. Ennfremur má líkja árásum sem eiga sér stað að næturlagi, eins í Írakstríðiu, við eins konar brenglun á raunveruleika. Árásirnar eiga sér stað úr fjarlægð, úr lofti eða af skipum og sjónvarpsáhorfendur fá að fylgjast með í beinni útsendingu hvenær og hvar sprengjurnar springa. Þegar slíkum árásum er fylgt eftir með áhlaupum hermanna eru þeir búnir nætursjónaukum sem gera umhverfi þeirra framandi, í raun eins og í tölvuleik.

Með öðrum orðum má segja að í nafni raunveruleikans hafi miðlun rofið á tengsl hugtaks og veruleika og að eftirlíkingar hans hafi tekið við. Þessar eftirlíkingar eru komnar langt frá uppruna sínu, að mati Baudrillard, og má til að mynda benda á Celebration í þessi samhengi. Þar er framleiðsla á raunveruleika í fullum gangi með framleiðslu á snjó og stílfærðum ímyndum húsagerðastíla. Annað dæmi eru flestar auglýsingar nú til dags sem leggja áherslu á ímynd sem fæst með því að kaupa ákveðna vöru; þegar maður kaupir Nike skó þá er maður ekki bara að kaupa skó heldur líka ákveðna ímynd allt að því ótengda skónum. Hversdagurinn er fullur af ímyndum um það hvernig maður á að lifa lífinu, vera venjulegur, án þess þó að þessar ímyndir byggji á öðru en eftirlíkingum af ímyndum. Raunveruleikanum er þannig skipt út fyrir tákni hans.<sup>21</sup>

Þessi skoðun á raunveruleikanum byggir einnig á hugmynd um upplifun einstaklings á umhverfi sínu og lestur hans á þeim táknum sem til hans er miðlað. Þá komum við að hinum svokallaða dauða stóra sannleikans.<sup>22</sup> Með þessu er átt við að engin stór hugmynd, engin lausn, er til staðar sem fólk getur fylgt sér á bak við.

<sup>20</sup> Jean Baudrillard, „Róttæk hugsun“, *Atvik 3*, þýð. Geir Svansson bls. 22.

<sup>21</sup> Jean Baudrillard, „Framrás líkneskjanna“, *Atvik 3*, þýð. Ólafur Gíslason, bls 44.

<sup>22</sup> Sjá til dæmis í Mark Fortier, *Theory/Theatre* (Routledge: London og New York, 2005), bls. 173 – 181 og þá sérstaklega vísun hans í hugmynd Francois Lyotard á bls. 176 um stóra sannleik (e. grand narrative)

Möguleikar heildarinnar eru orðnir fleiri; menningarmengið hefur stækkað og því rúmast fleiri hugmyndir innan þess, fleiri sannleikar. Ismar módernismans, hvort sem pólitíska eða listræna, eru gott dæmi um hinn stóra sannleik þar sem foringjarnir blésu í lúðra og básúnuðu hina einu réttu leið.

Segja má að miðlun gangi út á upplifun einstaklingsins og er því er hægt að segja að hver og einn einstaklingur beri mér sér ákveðinn sannleik sem byggir á skynjun hans og upplifun á menningu sinni og umhverfi. Hið „hlutlaus“ upplýsingaflæði gerir ráð fyrir öllum möguleikum og ekki eru lengur til nein flokksblöð sem segja til um hvað maður á að hugsa. Vissulega eru öllum miðlum stjórnað að einhverju leyti og miðla þeir ákveðinni sýn en blekkingin felst í því að halda því fram að miðlarnir séu í eðli sínu hlutlausir. Einstaklingurinn þarf því að sníða sér sinn eigin sannleika út frá sinni upplifun.

Í þessu samhengi má benda á skrif Roland Barthes í tengslum við höfundinn. Hann heldur því meðal annars fram að höfundurinn sé ekki sá sem skapi merkingu skrifa sinna heldur eru það lesendurnir sem skapa merkingu út frá upplifun sinni og skynjun á menningunni og táknum hennar.<sup>23</sup> Höfundurinn hefur þannig rofið tengsl sín við merkingu skrifa sinna um leið og hann sendir þau frá sér og hlutverki hans sem skapanda merkingar lýkur. Michel Foucault skrifar á móti grein Barthes og segir að vissulega megi fella merkingarsköpunina undir lesandann en hins vegar verður að gera ráð fyrir höfundinum sem fyrirbæri. Höfundurinn er hluti af skynjun og upplifun lesandans og því verður að tína hann, eða ímynd hans, til sem tákn, eða hluta af tákneheiminum.<sup>24</sup> Líta má á höfundinn sem hinn stóra sannleik, sem merkingarskapandi fyrirbæri, en með dauða hans, eða í það minnsta smækkun niður í tákn, færast merkingarsköpunun yfir á lesandann, eða einstaklinginn, sem skapar merkingu út frá upplifun.

Miðja menningarinnar hverfist því ekki lengur í kringum ákveðinn stóran sannleik í sama skilningi og áður. Nú hefur miðjan tekið yfir hugmyndir fjölbreytninnar, margbreytileikans og hlutleysi. Þetta hefur það í för með sér að raunveruleikaskynjun okkar brenglast þar sem að ákveðin þversögn myndast milli kröfu um sameiginlegt kerfi raunveruleikans og áherslu á margbreytni og hið einstaka meðal einstaklinga. Sú áhersla sem lögð er á sköpun raunveruleika í miðlun er því ákveðin framleiðsla á eftirlíkingu

---

<sup>23</sup> Roland Barthes, „Dauði höfundarins“, *Spor í bókmenntafræði 20. aldar*, ritstj. Garðar Baldvinsson og fl. (Bókmenntafræðistofnun Háskóla Íslands: Reykjavík, 1991), bls. 180.

<sup>24</sup> Michel Foucault, „Hvað er höfundur?“, *Alsæi, vald og þekking*, ritstj. Garðar Baldvinsson (Bókmenntafræðistofnun Háskóla Íslands: Reykjavík, 2005), bls. 69-70.

raunveruleikans, hrærigrautur úr ímyndum mismunandi menninga eða menningarmengja, sem hefur áhrif á hvernig einstaklingurinn byggir upp skynjun sína á heiminum.

Uppbrot á þessari miðju felst fyrst og fremst í því að snúa upp á þetta raunveruleikalögmál. Baudrillard telur til að mynda að lögbrot feli ekki í sér raunverulegt uppbrot. Hann leggur annað til:

„Það væri fróðlegt að vita hvort tiltekið bælingarkerfi myndi ekki bregðast harðara gegn uppgerðarráni en raunverulegu ráni? Því að raunverulegt tilræði gerir ekki annað en að koma róti á hlutina og raska eignaréttinum, á meðan uppgerðarránið skekur sjálfar forsendur raunveruleikalögmálsins. Að ganga á svig við lög og reglur eða að fremja ofbeldi eru ekki jafn alvarleg brot, því þau varða eingöngu *uppskiptingu* raunveruleikans. Eftirlíkingin er mun hættulegri, því að hún gefur ávallt í skyn, á skjön við viðfang sitt, að *sjálf lögin og reglan séu ef til vill ekki annað en eftirlíking*.“<sup>25</sup>

Með þessu móti er hægt að líta á raunveruleikann sem blekkingu, sem tálmynd, og að eftirlíkingar hans hafa tekið við. Upplifun hvers og eins skiptir máli í þessu samhengi þar sem að lestur einstaklingsins á táknum og ímyndun er bundinn skynjun hans og upplifun. Því er þörfin fyrir sameiginlegan raunveruleika enn sterkari; staðreyndin að hann er ekki til krefst þess að hann verði skapaður. Miðlun raunveruleikans byggir á eftirlíkingum af eftirlíkingum og er í stanslausum eltingarleik við skottið á sér; því raunverulegri sem raunveruleikinn er sýndur því ýktari verður ímynd hans.

### **Samsömun við veruleika**

Vandamál skapast þegar leiklist er skoðuð út frá tengslum við raunveruleika og blekkingu. Í eðli sínu er leiklist blekking, þ.e. um er að ræða einhvers konar hliðrun á veruleika, ímyndun sett á svið, eða venjulegt líf sett í annað samhengi. Hins vegar er leiklist mjög raunverulegt fyrirbæri þar sem fólk, áhorfendur og leikarar, deila

---

<sup>25</sup> Baudrillard, „Framrás líkneskjanna“, bls. 53.

sameiginlegu rými og tíma. Það fer ekki fram hjá neinum að leikaranir á sviðinu eru raunverulegt fólk og sömuleiðis er ekki efast um raunveruleika áhorfenda. Allir vita að þegar Hilmir Snær segist vera Hamlet þá er hann samt sem áður Hilmir Snær þó að hann sé líka Hamlet. Ennfremur er litið á það sem gerist á sviðinu sem óraunverulegt, sem hluta af ímyndunarheim sem er ekki eins og hinn hversdagslegi heimur, þó svo að þeir sem taka þátt í að skapa þennan blekkingarheim taki einnig þátt í að skapa hversdagsleikann, þ.e. eins og annað venjulegt fólk. Einnig er óhætt að segja að leiklist endurspegli eða fjalli um hið venjulega samfélag, í það minnsta vísar leiklistin út í það og notast við það sem efnivið.<sup>26</sup> Ef hugmyndinni um hversdagsleikann, raunveruna, sem tálmynd er svo bætt við verður dæmið ennþá öfugsúnara.

Í grunninn er hægt að segja að leiklistin sé meðvitað plat sem byggir á veruleika. Segja má því að leiklist sé eins konar vettvangur þar sem gildi samfélagsins eru rædd, þar sem fjallað er um samfélag manna undir formerkjum platsins. Hér væri auðvelt að álykta sem svo að leiklistin sé til þess gerð að *reyna* á gildi samfélagsins, hvað sé gott og vont í samhengi við samfélagslega hegðun. Aristóteles heldur því til að mynda fram að í gegnum leiklistina upplifi áhorfandinn sig í falli hetjunnar og geti þannig hreinsað sig þeim tilfinningum sem hann fær þar útrás fyrir.<sup>27</sup> Ef þetta er yfirfært á samfélagið má segja að samfélagið fái útrás yfir sjálfu sér í leiklistinni. Hægt er hins vegar að líta á málið frá annarri hlið. Vissulega er leiklistin ákveðin umræðugrundvöllur samfélagsins en sá grundvöllur er ekki til þess gerður að reyna á gildi samfélags heldur mun fremur til að festa í sessi eða styrkja ákveðið samfélagsskipulag, ákveðnar ráðandi hugmyndir miðjunnar.

Agusto Boal hefur túlkað skrif Aristótelesar um skáldskaparlistina á svipaðan veg. Hann heldur því til að mynda fram að þó svo að Aristóteles vilji meina að leiklistin sé ekki pólitísk þá sé eðli þess kerfis sem hann býr til mjög pólitískt.<sup>28</sup> Boal segir að kerfið viðhaldi ákveðnum valdastrúktur með því að endurspegla ákveðna samfélagsgerð, borgarastéttina. Með því að taka einn leikara út úr kórnum og gera hann að miðpunkti verksins, hafi þesspis aðskilið fólkið, fjöldan, og borgarastéttina og þannig hafi harmleikurinn farið að snúast um hana og gildi hennar.<sup>29</sup> Við samsömum okkur

---

<sup>26</sup> Hugmynd um leiklist er samfélagslegan umræðugrunvöll hefur verið í ráðandi í alllangan tíma og kemur meðal annars fram hjá Aristótelesi, sbr. kaþarsis og samsömun áhorfanda við hetju, þó svo að Aristóteles hafi ekki verið sérstaklega áhugasamur um tengingu skálskapar og samfélags. Boal er á öðru máli.

<sup>27</sup> Aristóteles, *Um skáldskaparlistina* (Hið íslenska bókmenntafélag: Reykjavík, 1976), bls. 53 og 62.

<sup>28</sup> Augusto Boal, *Theatre of the Oppressed* (Pluto Press: London, 2000), bls. 39.

<sup>29</sup> Sama, bls. 33.

hegðun hetjunnar og þar af leiðandi föllumst við á þá samfélagsformgerð sem hún miðlar. Hreinsun hins aristótelíska kerfis er því að mati Boal hreinsun á andsamfélagslegum tilhneigingum og með því festir það í sessi ráðandi samfélagsmiðju.<sup>30</sup>

Ég vil meina að til þess að festa ákveðið kerfi í sessi þurfi ekki aðeins að sýna fullkomleika þess heldur að sýna hvernig það virkar með andófi. Túlkun Boal gerir ráð fyrir þessu andófi, þ.e. hetjan býr yfir ákveðnum galla og þannig er gert ráð fyrir honum innan kerfisins. Hetjan væri ekki látin búa yfir galla sem væri ekki í samræmi við stöðu hennar innan samfélagsins, ekki í samræmi við leyfilegar hliðranir. Aristóteles tekur sérstaklega fram hvernig skapgerðareiginleika hetjan eigi að búa yfir og innan þeirrar skilgreiningar hljóta að falla ákveðnir gallar í réttu samræmi.

Leiklistin er eins konar útópía hinnar ráðandi miðju þar sem stofnunin er sýnd í heild sinni, með mögulegu viðbúnu andófi gegn sjálfu sér, þ.e. eins og lög og reglur okkar samfélags gera ráð fyrir ákveðinni hliðrun. Leiklistin felur þannig í sér hugmyndafræði þeirrar menningarstofnunar sem ræður hverju sinni og hefur upp kerfi hennar. Í þessum skilingi er útópía ekki fyríbæri þar sem einungis hið góða og fullkoma ríkja heldur verður að líta á hugtakið í víðari skilningi. Útópían miðlar hinu fullkomna með ákveðnum mögulegum hliðrunum, þ.e. innan útópíunnar er gert ráð fyrir ákveðnum hliðrunum á kerfinu í þeim tilgangi að sýna hversu gott kerfið sjálft er. Þannig miðlar leiksýning samfélagsmynd þar sem gildin eru sýnd með leyfilegum brotalöfum og hvernig brugðist er við þeim. Útópían er því ekki þau gildi sem eru ofan á í dramatikinni heldur sú samfélagsmynd sem er sýnd.

Miðja leiklistarinnar er miðja samfélagsins; hugmyndafræði þess hóps sem er ráðandi hverju sinni er umfjöllunarefni miðju leiklistarinnar. Jaðrar leiklistarinnar endurspeglar hið jaðraða, t.d. minnihlutahópa, í samfélaginu. Miðja leiklistarinnar viðheldur þannig valdaskiptingu samfélagsins, sbr. Boal hér að ofan. Þetta virkar á tvo vegu sem báðir tengjast samsömun í anda Boal og Aristóteles; í fyrsta lagi er um að ræða samsömun áhorfenda við það útópíska samfélag sem birtist á sviðinu og sömuleiðis samsvörun innan þess hóps sem sækir leikhúsið. Sú fyrri nær yfir aristótelíska samsvörun milli áhorfenda og hetju og gengur út á að áhorfandinn samþykki þann heim sem miðlað er til hans. Sú hin síðari gengur út á að áhorfandinn

---

<sup>30</sup> Sama, bls. 46

samsami sig örðum sem eru í leikhúsinu út frá sameiginlegri menningu og sameiginlegu samþykki á heimi leikverks; við erum eins og við skiljum eins.

Hægt er að líta á áður nefnda tilvitninun í grein Trausta Ólafssonar í þessu samhengi. Í lýsingunni felst ekki aðeins upplifun Trausta, sem einkennist að ákveðnu leyti á samsömun Trausta við persónu Bessa, heldur einnig sú vísna hans að fleiri hafi deilt þessari upplifun, að hún hafi á einhvern hátt verið algildi; „list leikarans, Bessa Bjarnasonar, var svo fágúð að engum duldist hvað hann var að tjá og margir urðu snortnir.“ Stuttu seinna segir einnig um atriði úr *Börnum náttúrunnar* (1991) eftir Friðrik Þór Friðriksson:

„Snemma í þessari kvikmynd stóð Gísli [Halldórsson] við pissuskál á karlklósettinu á Umferðarmiðstöðinni og sneri bakinu í myndavélina. Leikstjórinn gat vart fundið áhrifameiri andstæður við víðerni fjallahringsins sem skagfirski bóndinn var að kveðja og jörðina hans þar sem hann hafði mestan sinn manndómsaldur verið frjáls að því að þjóna þörfum líkamans til að losa sig við úrgangsefni næstum hvar og hvenær sem var án þess það særði blygðunarkennd nokkurs manns.“<sup>31</sup>

Í þessari málsgrein má einnig greina ákveðna samsömun sem felst fyrst og fremst í því að Trausti gefur leikstjóranum ákveðna tilætlun sem hafi með sannni gengið upp og er í formi alhálfingar, eins og hann mæli fyrir ákveðinn hóp. Einnig kemur líka í ljós hugmynd um hina frjálsu hetju sem gat pissað hvar og hvenær sem er án þess að særa blygðunarkennd nokkurs. Í þessari blygðunarkennd manna birtist hugmynd um sameiginlegan veruleika ákveðins hóps sem deilir þeim siðferðisgildum sem myndin miðlar, eða í það minnsta þeim sem hópurinn les úr myndinni.

Í raun má segja að grein Trausta einkennist af staðfestingu á miðjuðum hugmyndum um leiklist. Hann vísar í hugmyndir kennismiða sem hafa verið í forgrunni leiklistarumræðu á 20. öldinni og miðar lestur sinn á þeim við samsvörun á miðju samfélagsins. Í greininni tekur Trausti fyrir hugmyndir manna eins og Stanislavski, Peter Brook og Grotowsky, og yfirfærir þær á samsvörun án þess þó að byggja þessa yfirfærslu, eða skoðun, á nokkru öðru en hugtökunum gott/vont. Pissgjörningurinn er ekki aðalatriði hér heldur er notast við hann til þess að sýna fram á hið miðjaða, hinar

---

<sup>31</sup> Trausti Ólafsson, „Að pissa...“



ríkjandi hugmyndir stofnunarinnar um að særa ekki blygðunarkennd o.s.frv. sé gott og gilt á meðan gjörningurinn er ekki þess virði að tala um.<sup>32</sup> En eins og áður hefur verið haldið fram er ekki hlaupið að því að skýra þessi hugtök þar sem þau eru í eðli sínu merkingarlaus. Trausti reynir þó:

„Iris Murdoch segir í hrífandi grein sinni um yfirburði hins góða umfram önnur hugtök að manneskjan eigi sér ekkert verðugra viðfangsefni en það að leitast við að verða betri. En þar rís vandinn, eins og Murdoch segir, því að þá þurfum við að skilgreina hvað hið góða sé, hvað sé í raun gott.“<sup>33</sup>

Hér gerir Trausti sér grein fyrir vandanum bak við hugtökin. Hann fer þá leið í útskýringu að vísa enn frekar í stofnunina:

„Það er mikið vandaverk að skilgreina hið góða. En kannski má byrja á því að leggja til að það eitt sé gott sem ekki særir eða skaðar aðra. Í því efni er gagnlegt að vitna til Grotowskys en hann kvaðst í sínu fátæka leikhúsi hafa eina grundvallarreglu, sem ég held sé ættuð úr læknisfræðinni. *Primum non nocere* – umfram allt, ekki særa eða skaða. Þannig hljóðaði hin fyrsta siðgæðisregla sem Grotowsky studdist við í starfi sínu. Þegar gjörningurinn sem Magnús Þór kýs að halda á lofti í grein sinni *Er breiðnefurinn spendýr?* var framinn sýnist mér álitamál hvort þessi grundvallarregla hafi verið höfð að leiðarljósi.“<sup>34</sup>

Nauðsynlegt er að vísa í miðjuna þegar útskýra á hið góða, annað er í raun ekki í stöðunni. Hins vegar er merkilegt að sjá hvað Trausti er fljótur að ganga út frá því að þessi fyrsta siðgæðisregla Grotowskis sé algild í allri leiklistarsköpun þar sem að hún hafi verið virt að vettugi í gjörningnum og þannig hvernig hann aðlagar hugmynd Grotowskys að sínum hugmyndum um hvað sé æskilegt.

Útópían er einnig greinileg í grein Trausta. Leiklistin á að vinna að hinu góða, þ.e. keppast að því að sýna manninn og samfélag hans út frá hinum góðu gildum sem ganga út á þróun hans í átt að því að verða betri, sbr. skilning á Trausta á orðum Murdoch. Annað dæmi:

---

<sup>32</sup> Trausti Ólafsson, „Að pissa...“

<sup>33</sup> Sama

<sup>34</sup> Sama.

„Ekki ætla ég að draga úr því að nauðsynlegt sé að fjalla svolítið um ljótleikann, enda fegurðin ekki til án hans, en stundum getur verið *vænlegra til árangurs að blanda ekki með jafnbeinskeyttum hætti saman fræðum og framkvæmd og raunin virðist hafa verið í þessu tilviki.*“<sup>35</sup>

Hér glittir í ramma stofnunarinnar og leyfilegar hliðranir á reglum hennar; það má fjalla gagnrýnið um samfélagið á ákveðinn hátt en sé vikið út fyrir þær er gagnrýninni hafnað og verkið, gjörningurinn í þessu tilviki, flokkað undir ekki – list eða bara barnaskap.<sup>36</sup> Hér sést einnig óræðni reglnanna þar sem þær byggjast á höfnun og upphæfð, gott vont. Trausti vill reyndar ekki sérstaklega mikið vera að sóa orðum í þetta athæfi, þ.e. pissið, þar sem að hans mati virðist það vera ljóst að athæfið væri ekki hægt að flokka sem leiklist, það ætti einfaldlega ekki að ræða þetta. Greenblatt tekur einmitt fram refsireglur stofnunarinnar í valdabaráttunnu gegn uppbotinu. Hann segir meðal annars að það geti verið allt frá hörðum lagalegum refsingum til höfnunar í formi kaldhæðnislegra brosa, kaldrar þagnar eða samúðar sem einkennist af velvilja en um leið fyrirlitningu.<sup>37</sup> Trausti afgreiðir gjörninginn einmitt á þessa leið; hann telur hann vera barnaskap og láγκúru og best væri ef honum hefði verið leyft að falla í gleyskunnar dá.<sup>38</sup> Útópíunni sem lýst er í tilþrifum Bessa og Gísla er langt frá því að vera til staðar í þessum „ungæðislega húmor“ sem farið hafi úr böndunum.<sup>39</sup>

Eitt besta dæmi um vilja stofnunarinnar til að sviðsetja útópiu sína má finna undir lok greinarinnar. Trausti fjallar þar um þann vanda að sýna nekt í leiklist og miðar aftur við Grotowsky og leikhóp hans. Í einni sýningu þeirra brá fyrir getnaðarlim leikarans Ryszards Cieslak. Í því sambandi heldur Trausti því fram að nekt sé, hafi verið og muni verða vandmeðfarið efni á leiksviði og má vel vera að það sé rétt hjá honum. Það sem er hins vegar athyglisvert að við þetta bætir hann tengslum við mennsku og ómennsku. Setningin er í heild sinni svohljóðandi:

---

<sup>35</sup> Sama. Skáletrun mín.

<sup>36</sup> Sama.

<sup>37</sup> Sjá til dæmis í Magnús Þór Þorbergsson, „Er Breiðnefurinn spendýr?“ og einnig í Greenblatt, „Culture“, bls. 226.

<sup>38</sup> Trausti Ólafsson, „Að pissa...“

<sup>39</sup> Sama.

„En hversu svo sem því var varið breytir það ekki þeirri staðreynd að nekt er, verður og verða mun vandmeðfarið efni á leiksviði *svo lengi sem mennskan er ómennskunni yfirsterkari í heiminum.*“<sup>40</sup>

Hér er útópían í essinu sín: leiklistin á að endurspegla mennskuna en láta ómennskuna eiga sig, í það minnsta að hleypa henni ekki hærra en upp á þriðja þilfar. Mennska og ómennska eru í sjálfu sér illskiljanleg hugtök nema þau séu skoðuð út frá og í samhengi við miðjuna. Ljóst er á skrifum Trausta að pissgjörningur leiklistarnema hafi lítið tilkall til mennskunnar og ætti frekar að flokkast undir ómennsku. Hins vegar kemur Trausti upp um þversagnir í orðum sínum sem felast í miðlægri afstöðu merkingar þeirra hugtaka sem hann notar. Hann setur fram lausn til þess gerða að leiklistin fái að dafna og auðgast og lýkur grein sinni með þessum orðum og vitnar sem áður í Grotowsky:

„„Með því að þekkja og varðveita rætur listarinnar mun okkur takast að færa hana með okkur inn í hátækniöldina án þess að missa sjónar á grundvallargildum hennar og tilgangi; *að halda áfram að túlka og tjá anda mannsins og jafnframt að endurnýja hann.*“ Förum að þessu ráði. Horfum fram á veginn en missum ekki sjónar á vegvísunum forveranna. Viskan er nefnilega ekki ný, hún er forn. Á vissan hátt verður hún því ekki áunnin heldur aðeins endurheimt. Það er bara tæknin sem er ný. Hún getur verið góð og nytsamleg, en ef við glötum gamalli visku er viðbúið að tæknin taki öll völd og *þekkingin líti í lægra haldi fyrir heimskunni.* Þá er hætt við að verulega ljótt verði um að litast í veröldinni en fáir eftir til að skilgreina ljótleikann.“<sup>41</sup>

Hér kemur í ljós þversögnin sem felst í stofnuinni; mín leið er rétt að því að hún er mín. Ekkert mál er að túlka kenningu Grotowskys á marga vegu þar sem að hún er eins opin og getur verið. Að túlka anda mannsins og endurnýja hann gæti allt eins falið í sér að skoða ljótleika samfélagsins með því að pissa í alvörunni eða skemmta lýðnum með drápum á þrælum eins og í Róm til forna. Tjáningin og túlkunin fer eftir miðjunni hverju sinni, bæði samfélagslegri og í leiklist. Skrif Trausta endurspegla miðju leiklistar

---

<sup>40</sup> Sama.

<sup>41</sup> Sama. Skáletrun mín.

þar sem að hann vísar til, og gengur út frá, skilningi miðjaðra stofnunar á leiklistinni og miðlar hugmyndum um samsömun við útópískt samfélag.

Trausti var hreint ekki sá eini sem kom fram, meðvitað eða ómeðvitað, sem forsvarsmaður einhvers konar stofnunar í þessu máli. Áður hafa verið nefnd viðbrögð formanns Félags Íslenskra leikara, Randvers Þorlákssonar, en hann er líklega ein ljósasta tengingin við miðjaða stofnun leiklistar þar sem hann er í forsvari fyrir eina af veraldlegum stoðum hennar sem stendur vörð um hagsmuni þeirra sem starfa innan leiklistarinnar.<sup>42</sup> Vissulega væri hægt að kenna Trausta við veraldlega stofnun þar sem hann er leikhúsfræðingur og kennari við Háskóla Íslands og sér því um að miðla ákveðinni skoðun á hugmyndum leiklistarinnar en það er þó mun hæpnari skoðun en í tilfalli Randvers að mínu mati. Þó svo að kenndir séu einstaka kúrsar um leiklist í Háskólanum er ekki til staðar eiginleg leiklistafræði. Magnús Þór er sannarlega í forsvari fyrir ákveðna stofnun innan leiklistarinnar á Íslandi þar sem að hann er lektor við leiklistardeild Listaháskóla Ísland. Hann er því í forsvari fyrir þá stefnu sem skólinn markar, í það minnsta ber hann ábyrgð á stefnumörkun hinnar nýju deildar Fræði og framkvæmd. Sú stofnun sem hann stendur fyrir mætti hins vegar skoða sem jaðraða að einhverju leyti. Hún endurspeglar ekki gildi miðju samfélagsins heldur reynir markvisst að setja spurningarmerki við forsendur þeirra.<sup>43</sup>

Ragna Sigurðardóttir, myndlistagagnrýnandi Morgunblaðsins, endurspeglar, eins og Trausti hina miðjuðu stofnun. Hún fjallar þó ekki á sama hátt um pissgjörning listnemanna og Trausti í grein sinni „Hvenær á að segja stopp?“<sup>44</sup> Hún einblínir frekar á siðferðislega afstöðu kennara í þessu máli og veltir upp hugmyndum um hvernig þeir hefðu átt að bregðast við athæfinu. Að hennar mati hefði kennari átt að grípa inn í og koma í veg fyrir að gjörningurinn hefði fengið að eiga sér stað og þannig verndað nemendurnar fyrir að skaða sig og aðra.<sup>45</sup> Vildi Ragna meina að nemarnir hefðu jafnvel hvorki siðferðislegan né listrænan þroska til að skilja eða meta úrlausnina. Hér skjóta upp spurningar um hvað siðferðislegur og listrænn þroski sé, út frá hverju hann sé skilgreindur og hvernig maður öðlast hann á annað borð. Samkvæmt Röggu ætti

---

<sup>42</sup> FÍL er stofnun innan leiklistarheimsins sem stendur vörð um réttindi leikar. Því hafa orð formanns þess tölulvert vægi í merkingarsköpun.

<sup>43</sup> Listaháskólinn er samt sem áður miðja ákveðs mengis og miðlar miðlægum hugmyndum þess. Uppbrot eiga sér því stað þar eins og annars staðar. Samfélagsleg tenging er þó ekki eins sterk, þ.e. ekki er miðlað miðju samfélagsins. Þó má líta á hlutverk skóla sem endurspeglun á viðhorfi miðjunnar til skólans en í stefnu skólans er forvitni og tilraunir settar í öndvegi og því mætti búast við storkun á viðteknum gildum.

<sup>44</sup> Ragna Sigurðardóttir, „Hvenær á að segja stopp?“, í Morgunblaðinu, 4. nóvember, 2006.

<sup>45</sup> Sama.

kennari að miðla til nemenda rétttri siðferðislegri hugsun en hvergi minnst hún á hvað ætti að skilyrða hana nema að um sé að ræða vernd af einhverju tagi fyrir því að skaða sig og aðra. Þetta virðist hins vegar allt saman vera óljóst í grein Rögnu og lítur úr fyrir að þversagnir kerfisins séu ráðandi. Til að mynda segir hún að vart þurfi að taka fram að hún sé fylgjandi „litrænu tjáningafrelsi“ og vilji ekki að fólk sé með „óþarfa teprulega ritskoðun“. Um leið vill hún að „almenn skynsemi“ fái að ráða og að heppilegri hefði verið ef „dramatískari aðferðum“ yrði beitt í stað bókstaflegra. Ljóst er að athæfið var henni ekki að skapi en í tilraun til útskýringar á skoðun sinni festist hún, eins og Trausti, í neti merkingarleysu orðræðunnar.

### **Barátta fyrir tilvist**

Eiginleg merking pissgjörningsins alræmda skiptir í raun engu máli enda erfitt fyrir alla þá sem skrifuðu um málið á sínum tíma að gera sér grein fyrir henni þar sem að þeir voru ekki viðstaddir athæfið. Ég tilheyrir sömuleiðis þeim hópi sem ekki varð vitni að viðburðinum og þýðir því lítið fyrir mig að réttlæta eitt né neitt í því sambandi. Óþarfi er því að ræða um áhrifamátt upplifunar verkefnisins sjálfs. Hugmyndin um athæfið er öllu verri; sú staðreynd að einhver hafi pissað á annan í nafni leiklistarinnar.

Miðja leiklistarinnar gerir ekki ráð fyrir þeim möguleika að pissað sé á fólk á leiksviði. Sé ekki farið eftir reglum er viðburði úthýst og hann gerður brottrækur úr mengi leiklistar. Áður hef ég sagt að í leiklist felist samsömun og að þessi samsömun gangi út á að staðfesta gildi samfélagsins. Hið miðjaða leikhús leitast því við að endurspegla ríkjandi samfélagsástand sem í dag er hægt að segja að einkennist af áðurnefndum hugmyndum um raunveruleikann og miðlun hans. Sé raunveruleiki okkar samfélags kominn fram úr sér, orðinn ofurverulegur, og merking hans í sjálfu sér engin, leitast samfélagið, og þar með leiklistin, ekki við að afhjúpa blekkinguna sem hún heldur á lofti heldur keyrir hún ríkjandi ástand í botn. Séu öll þau gildi, sem samfélagið miðar sig við og gengur út frá, eftirlíkingar af eftirlíkingum, og merking þeirra þar með takmörkuð, blasir við hrun samfélagsins ef þessi tálmynd brotnar. Þess vegna reynir hið miðjaða samfélag að setja sjálft sig í öllum sínum ofurveruleika á svið til þess að fá staðfestingu á því að þau gildi sem það miðar sig við búi yfir merkingu; gildi samfélagsins eru reynd eftir aristótélískri forskrift og samsömun á sér stað, allir upplifa hreinsunina í falli hetjunnar og sýnt hefur verið fram á að heimurinn býr yfir merkingu.

Með þessu sekkur stofnunin dýpra inn í tálmynd ofurveruleikans, hins miðlaða raunveruleika samfélagsins, og þær forsendur sem hún byggir á verða þversagnakenndari og þversagnakenndari. Þeir sem tala máli stofnunarinnar, t.d. Ragna, Trausti og Randver (ómeðvitað), lenda í þessum þversögnum og hafna gjörningnum sem leiklist út frá miðjunni. Pissgjörningurinn var ekki leiklist þó að forsendur væru til að líta á málið öðrum augum; út frá t.d. skiptingu milli áhorfenda og leikara, sviði, ljósum, búningum, atburðarás, upphafi, endi, gjörðum. Stofnunin, hinar miðjuðu ráðandi hugmyndir, kynnir þannig leiklistina sem ímyndun, sem plat, til þess að sýna fram á raunveruleika samfélagsins, hversdagsins, sem er handan hins ímyndaða. Hið eðlilega og raunverulega líf á sér stað utan veggja leikhússins. Hægt er, hins vegar að snúa þessu við; leikhúsið er til þess að fela þá staðreynd að samfélagið í heild sinni er leiklist, plat, ofurveruleg eftirlíking.<sup>46</sup> Leiklistin styrkir og festir í sessi ríkjandi samfélagsástand.

Uppbrotið sem felst í pissinu er því ekki einungis uppbrot á römmum leiklistarinnar heldur einnig uppbrot á tálmynd samfélagsins. Segja má að gjörningurinn hafi gengist við reglum stofnunarinnar en snúið upp á þær með því að gera það sem á að gera í plati, eins og Bessi gerði svo vel um árið, raunverulega. Líkja má þessu við dæmi Baudrillard's um uppgerðarránið. Gjörninginn mætti þannig sjá sem röskun á sjálfum forsendum lögmáls miðju leiklistar, að hann gangist við forsendum hennar, en kemur upp um þversagnir miðjunnar. Tálmyndin birtist ekki í verknaðinum sjálfum heldur viðbrögðum miðjunnar við honum. Einnig má segja að með pissinu birtist heimur sem fellur ekki inn í miðlaða stofnun samfélagsins á sjálfu sér og þar með er ýjað að því að staðfestingin á ágæti, sem leiklistin hefur í för með sér, sé aðeins tálmynd.

Uppbrotið og viðbrögð stofnunarinnar við því fela þannig í sér ákveðna hliðrun á þeim gildum sem grundavalla nútíma samfélag með því að gera ráð fyrir öðrum möguleikum innan miðjunnar. Hægt og rólega gæri opnast fyrir þennan möguleika og amaban skýtur út skinfót og skrið kemst á kjarnann.

Hliðrun á gildum nútímans felur í sér möguleika á afhjúpun tálmyndar ofurverunnar. Viðbrögð stofnunarinnar og einstaklinga sem tilheyra henni er því hægt að skoða í ljósi tilvistar í stað þess að líta á þau einungis sem varnarbaráttu um ramma listforms. Ef leiklistin miðlar staðfestingu á samfélagsgerð í gegnum samsömun þá veldur uppbrotið því stofnunin ver samfélag sitt, hin útópisku gildi. Ef miðjan færir til,

---

<sup>46</sup> Baudrillard, „Framrás líkneskjanna“, bls. 51 – 52. Baudrillard notar Disneyworld í þessari líkingu sinni sem ég kys að heimfæra upp á leikhúsið.

færsla sem í raun enginn getur stöðvað vegna baráttu áður nefndrar hreyfingar á mengi menningarinnar, hefur það í för með sér að gildi þeirra einstaklinga sem tilheyra miðjunni breytast eða jafnvel falla úr gildi. Borgarar Frönsku byltingarinnar risu upp gegn kerfi forvera sinna og þróðu með sér nýtt kerfi í andstöðu, og þannig um leið út frá, hinu fyrra kerfi. Við það kemst hreyfing á mengi hinna miðjuðu gilda og þeir sem tilheyra hinu eldra þurfa að endurskoða líf sitt, meta út frá nýjum forsendum.

Hægt er því að lesa út úr varnarbaráttu stofnunar gegn uppbroti ákveðna baráttu fyrir tilverurétti. Lesa má úr þessum viðbrögðum við uppbroti ótta við að falla úr gildi, tilraun til að viðhalda ríkjandi ástandi í þeim tilgangi að vernda þann heim sem stofnunin byggir á. Reynir Vilhjálmsson, framhaldskólakennari, var einn þeirra sem skrifaði um gjörninginn í blaðagrein. Hann kemur einmitt inn á þennan ótta í viðbrögðum sínum við þessu þegar hann veltir því fyrir sér af hverju við förum í leikhús:

„Kannski er það óttinn sem skiptir mestu máli. Óttinn nagar okkur ævinlega frá morgni til kvölds alla okkar ævi. Það er óttinn við missi einhvers sem stendur manni nærri, óttinn við slys og veikindi, óttinn við að missa viðurkenningu annarra og svo mætti lengi telja.“<sup>47</sup>

Í tilviki þessins er því um að ræða tilraun stofnunarinnar að bægja frá uppbotum á tálmyndinni á þeim forsendum að raunveruleikinn á sviðinu sé helgimynd hins eiginlega samfélags; þar birtist staðfesting á góðri samfélagsskipan sem virkar og hefur virkað, með tilheyrandi vísunum í söguna og miðjaðar kenningar leiklistar og sömuleiðs viðmið hins miðjaða samfélags um gott og vont, fagurt og ljótt. Barátta stofnunarinnar felst í því að forða sér frá falli, að koma í veg fyrir að það komi ljós að hún byggir á tálmynd og þar með að einstaklingar innan miðjunnar missi tilverurétt sinn.

## Lokaorð

Ragna Sigurðardóttir minnst á það í grein sinni að hún hefði ekki brugðist eins við ef um væri að ræða gjörning menntaðra listamanna. Ástæðuna telur hún fyrst og fremst að

---

<sup>47</sup> Reynir Vilhjálmsson, „Um frelsi listar“, í Morgunblaðinu 16. nóv 2006.

nemendur eigi að geta treyst skólanum sínum til að vernda þá fyrir athæfi sem þeir hafa jafnvel ekki listrænan né siðferðislegan þroska til að meta eða skilja. Hér veltir Ragna upp afar fróðlegum punkti; hvernig fá nemendur að öðlast þennan þroska innan skólans og um leið njóta frelsi til tilrauna? Ég efast ekki um að Ragna vilji að skólinn setji frelsi til sköpunar á stall og leitist við að vera leiðbeinandi í þeim málum. Erfitt getur verið hins vegar að sjá hvar á að draga línunar. Bergþóra Jónsdóttir er til að mynda á öndverðu meiði og Ragna. Hún segir m.a. :

„Ég spyr á móti hvernig í ósköpunum skólinn hefði átt að gera það, án þess að bregðast um leið trausti nemenda sinna - allra. Það hefði getað orðið banabiti hans að bregðast við með aðgerðum sem hefðu hamlað tjáningarfrelsi. Skólinn hlýtur að eiga að vera það skjól þar sem listnemar geta óhikað rýnt og kafað í eigið sjálf og samfélagsins í leit að svörum við brennandi og ögrandi spurningum um eðli lífs og listar.“<sup>48</sup>

Ef nemandi vill fara í ákveðna átt, og fer þar með jafnvel þvert á almenna skynsemi, er það þá verkahring kennara og skóla að sannfæra hann um að gera það ekki? Og jafnvel banna honum að framkvæma athæfið? Eða á skólinn að veita honum fullkomið frelsi án afskipta og leyfa honum að gera það sem hann vill? Sömuleiðis má velta því fyrir sér hvernig skólinn eigi að bregðast við svona athæfi. Á hann að svara með þögninni einni og vona að öldurnar lægi eða á hann að taka afstöðu til athæfisins? Eða forsendur athæfisins öllu heldur, hvaðan þær eru sprotnar? Þessar spurningar tengjast hugmyndum um miðju menningar og svör við þeim ráðast í raun aðeins af skilningi hvers og eins á á ríkjand hugmyndafræði. Út frá birtingarmyndum þessa skilnings er síðan hægt að skoða ríkjandi samfélagsástand og baráttu hamla og hreyfanleika innan þess.

Enn frekar má velta fyrir sér áhrifum gjörningsins ef hann hann hefði verið framin utan veggja skólans. Hver hefðu viðbrögðin verið ef að um væri að ræða verk eftir atvinnulistamann? Í myndlist er ekkert sjálfsagðara en að pissa út um allt. Hrafnkell Sigurðsson, sjónlistaverðlaunahafi 2007, pissar til að mynda upp í sig út í hið óendalega í einu myndbandsverka sinna, *Circulator*.<sup>49</sup> Segja má að í raun hafi

<sup>48</sup> Bergþóra Jónsdóttir, „Listin og ljótleikinn“, í Morgunblaðinu 2. nóvember, 2006.

<sup>49</sup> Sjá Hrafnkell Sigurðsson, *Circulator*, 2002. Sjá t.d. á <http://www.hrafnkellsigurdsson.com/works/circulator/>.



líkamlegar tilraunir verið mjög áberandi í listsköpun frá því um 1960 með tilkomu fjöltækninnar (t.d. gjörningar, myndbandalist, samblöndun miðla).<sup>50</sup> Þessar tilraunir hafa einnig fengið ákveðinn sess innan myndlistarheimsins, þ.e. þær hafa verið viðurkenndar sem góðar og gildar sem sést best á miðjun þeirra eins og í tilviki Hrafnkels sem hlaut áður nefnda fyrir sína list. Líkamlegar tilraunir sem ganga þvert á almenna skynsemi hafa því ósjaldan verið framkvæmdar innan myndlistarheimsins, en innan leiklistarinnar á Íslandi er þessu jafnvel á annan veg farið. Úr orðum Trausta má lesa ákveðna sýn á líkamlegar tilraunir. Nekt er honum hugleikin og telur hann hana mjög vandmeðfarið viðfangsefni og tengda mennsku og ómennsku. Hann talar sömuleiðis um þroska:

„Til þess að fremja slíkan gjörning með merkingarbærum hætti þarf þroskaða listamenn, sem kunna að snerta við áhorfendum sínum án þess að ofbjóða þeim, jafnframt því sem þeir hafa til að bera færni til þess að setja athafnir sínar í listrænt samhengi.“<sup>51</sup>

Sem sagt til þess að geta komist upp með svona athæfi þarf maður að vera lærður og reyndur listamaður. En Trausti nefnir list leikarans Bessa Bjarnasonar í þessu samhengi og hvernig honum tókst að „plata“ áhorfendur sína þar sem hann pissaði ekki í alvörunni. Í myndlist er gefið mikið leyfi í tilraunum með ljótleika, eða afbrigðilega hegðun, en í leiklist virðist ramminn vera þrengri. Auðvitað hefur nekt verið áberandi í leiklist á Íslandi í gegnum tíðina en ljótleikatilraunir líkar þeim sem myndlistamenn stunda hafa sjaldan ratað upp á svið.

Þetta má tengja við uppbrotið. Í íslenskri myndlist átti sér stað ákveðið uppbrot sem fylgdi í kjölfarið á formbyltingum erlendis upp úr 1960. Listamenn fóru að gera tilraunir á grunnforsendum listformsins<sup>52</sup> og hreinlega byltu því með því að stíga út úr málverkum, skúlpturum og með myndböndum og gjörningum. Stuttu seinna var stofnuð sérstök nýmiðlabraut innan Myndlista – og handíðaskóla Íslands sem gekk beinlínis út á

---

<sup>50</sup> Tilraunir með líkamann sjást til dæmis hjá austurríksu Actionistunum, Ives Klein, Marinu Abramovic, Franko B, Paul McCarthy, Yoko Ono, Chris Burden, Hannesi Lárussyni, Sigurði Guðmundssyni, Rósku, Ragnari Kjartanssyni og fl.

<sup>51</sup> Trausti Ólafsson, „Að pissa...“

<sup>52</sup> Þ.e.a.s. á þeim hugmyndum sem felast innan formgerðarinnar. T.d. hvað er málverk? Hvað er strigi? Hvað er skúlptúr? o.s.frv.

að skoða listformið gagnrýnið með verklegum tilraunum.<sup>53</sup> Má segja að þróunin hafi orðið sú að í dag sé aðeins hægt að nema á þessari braut þar sem búið er að leggja niður hinar sérhæfðu deildir (málun, skúlptur, grafík). Á sama tíma má segja að leiklistarformið hafi staðið nokkurn veginn í stað. Vitanlega voru gerðar tilraunir en þær fólust aðallega í því að kynna til nýtt efni á forsendum ráðandi reglna listformsins. Leikhópurinn Gríma hafði til að mynda mikil áhrif og kynnti til sögunnar ný leikskáld, bæði erlend og íslensk. Hægt er að líta á þessar tilraunir sem síður róttækar en þær sem áttu sér stað innan myndlistarinnar þar sem að þær settu ekki spurningamerki við ramma listformsins heldur gengust við honum. Hér verður þó ekki gert lítið úr þeim tilraunum á formi leikritana þar sem að þær endursegluðu oft róttækar breytingar á stíl og vali á viðfagnsefni. En þrátt fyrir það má segja að form sjálfrar leiklistarinnar, þ.e. viðburðarins, hafi verið með svipuðu móti. Þannig má líta á það þannig að leiklistarformið hafi ekki gengið í gegnum eins dramatískar breytingar og myndlistin og þar af leiðandi séu formgerð leiklistarinnar ekki eins opin fyrir gjörningum af þessu tagi. Ef forskrift gjörningsins hefði verið myndlist væri jafnvel líklegt að lítið sem ekkert hefði verið sett út á hann þó að ég geti með engu móti sagt til um það með einhverri vissu.

Hvernig sem því hefði verið háttáð verður seint hægt að segja til um með einhverri vissu hvort málum hefði verið öðruvísi háttáð. Gjörningurinn átti sér stað innan leiklistardeildar Listaháskóla Íslands á ákveðnum tíma, innan ákveðinnar samfélagsgerðar, og við það miðast viðbrögð fólks. Í þessum viðbrögðum birtist ákveðin miðja, ákveðin stofnun, sem gerir tilkall til hinna réttu aðferða. Í þeim birtist einnig valdabarátta menningarmengisins, hvort sem um ræðir tilraunir nýliðanna og kröfu þeirra um endurmat eða tilburði stofnunarinnar til útskýringa á reglum vallarins. Í þessari valdabaráttu endurspeglast samningaviðræður um gildi og forsendur. Sé lítið á Celebration í þessu samhengi má til dæmis nefna að Disney hefur núna rofið á tengls sín við samfélag bæjarins, þ.e. íbúarnir eru ábyrgir fyrir stefnumörkun og skipulagi eins og í öðrum venjulegum bæjum. Gatan sem tengir Celebration og Disneyworld er samt sem áður ennþá til staðar og eflaust er það erfitt fyrir bæinn að losa sig undan tákneimi upprunans.

---

<sup>53</sup> Brautin var stofnuð árið 1975. Sjá nánar t.d. Aðalstein Ingólfsson, „Umbrotatími í sjónhendingu“, á vef listasafns Akureyrar: <http://www.listasafn.akureyri.is/listak0102/sjonauki0102.htm>.

Leiðarljós felur sömuleiðis í sér ákveðna útópíska sýn okkar á samfélagið þó svo að við getum seint sagt til um beinar afleiðingar þess kerfis sem þar er miðlað á samfélag okkar. Víst er að í Leiðarljósi er leitast við að endurspegla ákveðnar relgur raunverunnar og er það háð upplifun hvers og eins á umhverfi sínu og þáttunum hvernig táknum miðlunar er raðað niður. Klónun á mönnum er að öllum líkindum ekki orðin viðtekið fyrirbæri en í Leiðarljósi birtist ákveðin miðjuð hugmynd um það þegar persóna Revu Shane er látin birtast aftur eftir töluverða fjarveru sem klón. Ekki er aðeins um afbragðs aðferð, að mínu mati, til að ýta undir dramatíska flækju þáttanna heldur er líka um að ræða ákveðna birtingarmynd hugmynda og umræðu samfélagsins um áhrif klónunar á einstaklinga og samfélagið í heild.

Það má pissa út um allt ef það undir réttum formerkjum. Yfirleitt pissar maður í klósett en ég efast um að einhver hafi pissað í þvagskálina hans Duchamps. Að pissa er í sjálfu sér sérkennilegt athæfi og reynt að fela það með öllum ráðum. Ekki má lengur pissa utan í hrörlegar ölstofur bæjarins þó að maður snú rassinum að áhorfendunum eins og Bessi. Löginn spyrja ekki að því. Snjórinn er gulur og því var pissað. Í teiknimyndum Disney er sjaldnast sýnt þegar teiknimyndafigurunar pissa og heldur ekki í Leiðarljósi. Samt ætla ég leyfa mér að halda því fram að í báðum þessum tilfellum er pissað bak við tjöldin. Það hljóta til að mynda að vea klósett í Celebration þó að snjórinn sé plat. Hins vegar má velta því fyrir sér hvort að sú staðreynd að ekki sé pissað í sjálfu Leiðar – ljósinu hafi einhver áhrif á ríkjandi hugmyndir samfélagsins um piss í listum eða aðrar tilraunir sem taka á málum sem ekki er farið yfir í Leiðarljósi, eins og t.d. klám. En all getur nú breyst. Óhætt er að segja að samfélagsgerð Leiðarljóss hafi breyst á þeim 70 árum sem þátturinn hefur verið í loftinu. Hver veit, kannski fær maður einhvern tíman að sjá Revu Shane eða Josh Lewis pissa. En eitt er víst að með því athæfi er hætta á hruni gildi hinna miðjuðu Leiðarljóssáhangenda.

## Heimildaskrá:

Aristóteles, *Um skáldskaparlistina* (Hið íslenska bókmenntafélag: Reykjavík, 1976)

Barthes, Roland, „Dauði höfundarins“, *Spor í bókmenntafræði 20. aldar*, ritstj. Garðar Baldvinsson og fl. (Bókmenntafræðistofnun Háskóla Íslands: Reykjavík, 1991), bls. 173 - 180

Baudrillard, Jean, „Róttæk hugsun“ (þýð. Geir Svansson, bls. 18 - 32) og „Framrás líkneskjanna“ (þýð. Ólafur Gíslason, bls. 42 - 60), *Atvik 3: Frá eftirlíkingu til eyðimerkur*, ritstj. Geir Svansson (Reykjavíkúrákademían: Reykjavík, 2000)

Berþóra Jónsdóttir, „Listin og ljótleikinn“, í *Morgunblaðinu*, 2. nóvember, 2006

Boal, Augusto, *Theatre of the Oppressed* (Pluto Press: London, 2000)

Bourdieu, Pierre, „Sjónarhóll höfundarins; Nokkir almennir eiginleikar á sviðum menningarlegra framleiðslu“, *Reglur listarinnar* (Polity Press: Cambridge, Malden, 2005), bls. 215 – 282

Geir Svansson, „Inngangur“, *Atvik 3: Frá eftirlíkingu til eyðimerkur*, ritstj. Geir Svansson (Reykjavíkúrákademían: Reykjavík, 2000)

Greenblatt, Stephen, „Culture“, *Critical Terms for Literary Study*, ritsj. Frank Lentricchia og Thomas McLaughlin (University of Chicago Press: Chicago og London, 1995), bls. 225 - 232

Fortier, Mark, *Theory/Theatre* (Routledge: London og New York, 2005)

Foucault, Michel, „Hvað er höfundur?“, *Alsæi, vald og þekking*, ritstj. Garðar Baldvinsson (Bókmenntafræðistofnun Háskóla Íslands: Reykjavík, 2005), bls. 69 – 94

Magnús Þór Þorbergssonar, „Er breiðnefurinn spendýr?“ í Lesbók Morgunblaðsins, ritstj. Þröstur Helgason, 16. desember, 2006

McLuhan, Marshall, „The Medium is the Messge“, í *Media and Cultural Studies; Keywords*, ritstj. Durham and Kellner (Blackwell Puplishing: Malden, Oxford, Carlton, 2006), bls. 107 - 116

ATH: VANTAR BLS Á GREIN!!!

Trausti Ólafsson, „Að pissa (á aðra) með listrænum hætti: Eða – hvernig bætum við íslenska leiklistarumræðu?“ í Lesbók Morgunblaðsins, ritstj. Þröstur Helgason, 13. janúar, 2007.

Ragna Sigðurðardóttir, „Hvenær á að segja stopp?“, í Morgunblaðinu, 4. nóvember, 2006.

Randver Þorláksson, viðtal í Fréttablaðinu 1. nóvember, 2006.

Reynir Vilhjálmsson, „Um frelsi listar“, í Morgunblaðinu 16. nóvember, 2006

Heimildir af interneti: (allar athugaða þann 23. febrúar 2007)

Aðalstein Ingólfsson, „Umbrotatími í sjónhendingu“, á vef listasafns Akureyrar:  
<http://www.listasafn.akureyri.is/listak0102/sjonauki0102.htm>

Hrafnkell Sigurðsson, *Circulator*, 2002. Heimasíða: [www.hrafnkellsigurdsson.com](http://www.hrafnkellsigurdsson.com)  
<http://www.hrafnkellsigurdsson.com/works/circulator/>.

Vísindavefur Háskóla Íslands: [www.visindavefur.hi.is](http://www.visindavefur.hi.is)  
<http://www.visindavefur.hi.is/svar.php?id=4593>.

Heimasíða bæjarsamfélag Celebration: <http://www.celebration.fl.us/>

Heimasíða ferðaþjónusturnnar Absolutely Florida: funandsun.com  
<http://funandsun.com/1tocf/disney/celebration.html>

Heimasíða Leiðarljóss á vef CBS: [www.cbs.com/daytime/gl/](http://www.cbs.com/daytime/gl/)  
<http://www.cbs.com/daytime/gl/about/showinfo/>